

Gjaldfrjálsar tannlækningar barna*

Samningur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar barna tók gildi 15. maí 2013 og gildir til 30. apríl 2019. Tannlækningar barna eru greiddar að fullu af SÍ utan 2.500 kr. árlegs komugjalds. Forsenda greiðslupátttöku SÍ er skráning heimilistannlæknis í Réttindagátt - mínar síður á www.sjukra.is eða hjá tannlækni.

Á mitt barn rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum?

Í upphafi tekur samningurinn til **15, 16 og 17 ára barna** og þann 1. september 2013 til **3ja, 12, 13 og 14 ára barna**. Í eftirfarandi áföngum munu öll börn falla undir samninginn:

Frá og með:	15, 16 og 17 ára	12, 13 og 14 ára	10 og 11 ára	8 og 9 ára	6 og 7 ára	4 og 5 ára	3 ára	Yngri en 3 ára
15.maí 2013	X							
1. sept. 2013	X	X					X	
1. jan. 2014	X	X	X				X	
1. jan. 2015	X	X	X	X			X	
1. jan. 2016	X	X	X	X	X		X	
1. jan. 2017	X	X	X	X	X	X	X	
1. jan. 2018	X	X	X	X	X	X	X	X

Nauðsynlegt að skrá heimilistannlækni

Forsenda fyrir greiðslupátttöku SÍ er að barn sé skráð með heimilistannlækni. Skráning fer fram í Réttindagátt - mínar síður á www.sjukra.is en einnig geta tannlæknar séð um skráninguna. Hlutverk heimilistannlæknis er m.a. aðboða börn í reglulegt eftirlit og sjá um forvarnir og nauðsynlegar tannlækningar þeirra.

Börn í bráðavanda

Samningurinn tekur einnig til barna í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður þótt þau falli ekki enn undir ofangreind aldursmörk. Í slíkum tilvikum skal tilvísun berast SÍ frá heilsugæslu, barnaverndar- eða félagsmálayfirvöldum og umsókn frá tannlækni. Eyðublöð og upplýsingar eru aðgengileg á www.sjukra.is.

www.sjukra.is

*Tannlækningar barna eru gjaldfrjálsar skv. ofangreindri áfangaskiptingu utan 2.500 kr. árlegs komugjalds.

